


Athugasemdir við grein 32 hagfræðinga

Á ÍSLANDI fara nú fram mikilvægar umræður um framtíðarskipan gjaldeyrismála. Ég hef fengið tækifæri til að fylgjast lítillega með því sem rætt hefur verið og ritað. Nýlega barst mér þýðing greinar sem 32 íslenskir hagfræðingar birtu í Morgunblaðinu, þar sem þeir voru við því að evra yrði tekin upp einhliða. Mér finnst ástæða til að koma á framfæri nokkrum athugasemdum vegna þess sem fram kemur í greininni:



Charles Wyplosz

1. Það er rétt að einliða upptaka evru er kostnaðarsamari aðgerð en upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu, þegar lítið er til gjaldeyrisforðans. Í einhliða upptöku felst að nota þarf í einni aðgerð gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands (á viðeigandi skiptigengi sem leyfir stjórnvöldum að skipta út öllum krónum í umferð). En aðild að myntbandalaginu krefst að sjálfsögðu þess að fyrst þarf að ganga inn í Evrópusambandið (ESB), sem mun taka nokkur ár, og síðan uppfylla hin svokölluðu Maastricht-skilyrði fyrir aðild að myntbandalaginu, sem tekur að minnsta kosti 2 ár. Sá kostur er því aðeins mögulegur eftir nokkur ár.
2. Það er rétt að með einhliða upptöku evru er myntsláttuhagnaði (seigniorage) fórnað. Um er að ræða óverulegar tekjur (ef verðbólga helst lág), sem gætu numið 0,5-1% af landsframleiðslu.
3. Röksemdafærslan í greininni um missi bankakerfisins á lánveitanda til þrautavara er ekki jafn svart-hvít og höfundarnir láta líta út fyrir. Innan evrusvæðisins fást lánveitingar til þrautavara en ríkisstjórn verður fyrst að skuldbinda sig til að taka á sig kostnaðinn sem af hlýst ef til lánveitinga kemur (ex post). Með einhliða upptöku verða stjórnvöld að standa undir kostnaðinum fyrirfram (ex ante). Á þessu er ekki mikill munur, þó ekki óverulegur, en alls ekki eins afgerandi og höfundarnir halda fram. Við núverandi kringumstæður eru miklar lánveitingar til þrautavara einungis til þess fallnar að valda gjaldeyriskreppu.
4. Greinin villir sýn með alvarlegum hætti þar sem blandað er saman bankakreppu og gjaldeyriskreppu. Með evru hefðu þessir tveir atburðir verið að fullu aðskildir. Bankakreppa hefði áreiðanlega ekki framkallað gjaldeyriskreppu, sem er einmitt það sem gerðist. Með evru er fjármagnsflótti ekki útilokaður en þó verulega dregið úr líkum á honum. Það er meginástæða þess að Ísland ætti að skoða einhliða upptöku á evru og nákvæmlega þessi kostur aðgerðarinnar er gríðarlega mikilvægur.
5. Einhliða upptaka evru er engin töfralausn, eins og segir í greininni, en hún hefur mikilvæga kosti (minni líkur á fjármagnsflóttu og leysir gjaldeyriskreppu). Henni fylgir að sjálfsögðu kostnaður, þess vegna er hún ekki töfralausn. Meginkostnaðurinn, eins og vísað er til í greininni, er að fjárhagur ríkisins verður eina uppspretta fjármagns til að styðja við bankakerfið komi til þess (ex ante). En á endanum eru það alltaf skattgreiðendur sem bera kostnaðinn, annaðhvort í gegnum ríkið eða með verðbólguþessum, sem er fallega útlítandi bakhliðin á myntsláttuhagnaðar-peningnum. Ókosturinn er því, í mínum huga, ekki afgerandi.
6. Það sem ég ekki skil er hvers vegna greinin einblínir á gagnsemi gjaldmiðils þegar staðið er andspænis bankakreppu. Minn takmarkaði skilningur á stöðu mála er sá að það atriði heyrir sögunni til. Spurningin sem Ísland stendur frammi fyrir er hvernig á að komast út úr kreppunni nú þegar hún hefur orðið að veruleika. Með því að taka upp evru nú væri hægt að festa lágt skiptigengi og skapa samkeppnishæfni til lengri tíma (sem á endanum mun reyndar hverfa, með hærri verðbólgu en ríkir á evrusvæðinu). Aðgerðin myndi líklega leiða til lágra vaxta sem aftur styddi frekar viðsnúning efnahagslífsins.
7. Við stjórn peninga- og efnahagsmála skipta gæði stjórnsýslustofnananna miklu máli. Við fyrstu sýn virðist sem íslenskar stofnanir hafi verið veikburða og að mikil mistök hafi verið gerð. Upptaka evru - einhliða eður ei - myndi þýða að fyrsta flokks seðlabanki (Seðlabanka Evrópu) stýrði peningamálum og knýja innlend stjórnvöld til að beita aga við efnahagsstjórnina. Þetta eru umtalsverðir kostir fyrir borgarana, en hugnast stjórnvöldum líklega síður. Raunverulega spurningin er hvort fólk vilji þessa kosti strax, með einhverjum tilkostnaði, eða eftir ótiltekinn tíma í framtíðinni.

>> Greinin villir sýn með alvarlegum hætti þar sem blandað er saman bankakreppu og gjaldeyriskreppu. Með evru hefðu þessir tveir atburðir verið að fullu aðskildir.